

## AUGLÝSING

### um deiliskipulag í Sveitarfélaginu Árborg.

*Austurás, L208094, deiliskipulag frístundahúsa og aðstöðuhúss.*

Bæjarstjórn Sveitarfélagsins Árborgar samþykkti 15. maí 2024, tillögu að deiliskipulagi fyrir spildu úr landi Austurás, L208094. Deiliskipulagið tekur til 3 ha spildu úr jörðinni, sem liggur norðan megin við Votmúlaveg, og gerir ráð fyrir 4 frístundahúsum ásamt einu aðstöðuhúsi innan byggingarreits. Hámarksbyggingarmagn innan byggingarreits er samtals 300 m<sup>2</sup>. Aðkoma að spildunni verður frá Lækjarmótavegi.

Ofangreind deiliskipulagstillaga hefur hlotið meðferð samkvæmt 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og öðlast þegar gildi.

*Selfossi, 24. júní 2024.*

F.h. bæjarstjórnar,

**Rúnar Guðmundsson** skipulagsfulltrúi.

B-deild – Útgáfudagur: 25. júní 2024